

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	29/6 2016
Málsnr:	1606492
Bréfal:	512



Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Hafnarfjarðarbær
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Mál nr. 67/2016.

Reykjavík 28. júní 2016.

Meðfylgjandi er afrit viðbótarröksemda dags. 27. júní, þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi Miðhverfis Setbergs vegna lóðarinnar Stekkjarberg 9, Hafnarfirði.

Virðingarfyllst,



Gísli Óskarsson lögfræðingur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 27.06.2016

Efni: Viðbótarröksemdir vegna kæru Hönnu Bjarkar Ragnarsdóttur og Elsu Ingeborg Hansen á hendur Hafnarfjarðarbæ og Ágústi Ármann ehf. vegna Stekkjarbergs 9, Hafnarfirði.

Undirritaður vísar til kæru minnar frá 20. júní sl. vegna deiliskipulags um Stekkjarberg 9, Hafnarfirði. Með bréfi þessu sendi ég frekari útlitun kæruefnisins og röksemdir.

Efnistöð:

Undirritaður telur að mikið hafi farið úrskeiðis hjá Hafnarfjarðarbæ í formi og efni ákvörðunarinnar. Þegar svo háttar til varðar það sem úrskeiðis fer gjarnan margar formreglur og margar efnisreglur. Svo háttar til hér að mati undirritaðs.

Undirritaður mun hafa þann hátt á að lýsa málavöxtum fyrst og síðan röksemdum byggðum á þeirri lýsingu. Undirritaður telur að sum atriði varði fleiri en eina formreglu eða efnisreglu. Verður því vakin athygli á sömu atriðum undir mismunandi liðum en ekki tæmandi. Því má vel vera að þótt undirritaður felli eitthvað atriði undir form- eða efnislið þá muni úrskurðarnefnd fella það undir einhverja aðra liði þó ekki sé sérstaklega á það minnst þar. Undirritaður telur að ekki þurfi að ganga lengra í útlitun en hér er gert enda gildir málsforræðisreglan ekki á stjórnsýslustigi.

Gert er ráð fyrir að bréf undirritaðs til Hafnarfjarðarbæjar frá 14.7.2015 sé lesið á undan röksemdunum hér á eftir (fskj. 5). Eru þær miðaðar við það og skoðast bréfið frá 14.7.2015, og reyndar önnur bréf sem undirritaður hefur ritað, sem hluti af röksemdafærslunni. Að því leyti sem málavextir hafa komið betur í ljós eftir að þau bréf voru rituð gildir sú útlitun sem á eftir fylgir.

Einnig er vísað til bréfs Hafnarfjarðarbæjar til Skipulagsstofnunar dags. 13.4.2016 (fskj. 30), svo langt sem efni þess nær, en þar er yfirlit yfir ýmsar dagsetningar í málinu, þó ekki tæmandi.

Vísað er í fylgiskjöl með röksemdum þessum eða fylgiskjöl með athugasemdum Hönnu Bjarkar.

Tilvísan til röksemda í öðrum skjölum:

1. „Athugasemdir varðandi deiliskipulagstillöguna að Stekkjarbergi 9“ Ritaðar af Hönnu Björk Ragnarsdóttur. Ásamt meðfylgjandi skjölum (fskj. 34). (Þetta var ritað til undirritaðs sumarið 2015 þegar ég var að kynna mér málið og ber að skoða í því ljósi. Síðari röksemdir ganga framur því sem þarna er ritað).
2. Bréf undirritaðs frá 30.6.2015 (fskj. 4).
3. Bréf mitt frá 14.7.2015 (fskj. 5).
4. Bréf undirritaðs frá 1.9.2015 (fskj. 9).
5. Bréf undirritaðs frá 11.11.2015 (fskj. 20).

Málavextir:

Þann 31.1.1983 tók gildi deiliskipulag fyrir hverfið. Við gerða þessa skipulags var lóðin Stekkjarberg 9 ekki tekin til skipulags (fskj. 34, Y-1).

Sumarið 1987 fékk Lindarberg (Stekkarberg 9) viðurkenningu februnarnefndar Hafnarfjarðar fyrir fallegan garð með uppsprettulind er höfð í fyrirrúmi og íslensk flóra fær vel notið sín (fskj. 34, G-1).

Þann 30.12.1993 tók gildi nýtt deiliskipulag fyrir hverfið. Stekkjarberg 9 var heldur ekki tekið til skipulags þá og var áfram ódeiliskipulagt.

Þann 6.10.1995 var gert samkomulag um Haukabergr (Stekkarberg 7, fskj. 34, R-2) vegna samkomulagsins frá 27.2.1995 þar sem annars vegar var leitast við að halda mýrinni og hins vegar að hindra aðsýn að frá Hlíðarbergi. . Sem svo var ítrekað í samningi aðila frá 2006.

Í desember 2001 var gerð umhverfisúttekt á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar og vísast til hennar (fskj. 34, A-10). Þar er náttúruundrum svæðisins lýst.

Þann 15.8.2002 fær Lindarberg (Stekkarberg 9) viðurkenningu Hafnarfjarðarbæjar fyrir fallegan garð með uppsprettulind (fskj. 34, G-2).

Þann 10.3.2005 kom fram sú afstaða Hafnarfjarðarbæjar að lóðir við Stekkjarberg þyrfti að skoða m.t.t. umhverfisins í heild. Á því er byggt að þau rök eigi jafnt við í dag sem þá (fskj. 34, R-5).

Þann 9.8.2005 var fundur í skipulags- og byggingarráði og tekin fyrir breyting á deiliskipulagi Stekkjarbergs og samþykkt að taka það til auglýsingar (fskj. 34, B-2). Á grundvelli þessarar deiliskipulagsbreytingar fór fram mikil eyðilegging á náttúruundrum og uppsprettulind. Var þá farið að ræsa vatnið í burtu með þeim afleiðingum að votlendi, tjarnir og lífríki í hrauninu biðu mikinn og alvaranlegan skaða. Vísast um það til annarra bréfa minna í málinu.

Þann 26.2.2007 bar Trausti Hansson, eigandi lóðarinnar að Stekkjarbergi 3, fram fyrirspurn um að fá að reisa þyrpingu fjölbýlis- og raðhúsa umhverfis miðsvæði lóðanna nr. 3 og 5 við Stekkjarberg (fskj. 34, R-9). Í minnisþunktum Hafnarfjarðarbæjar frá 18.1.2007 (fskj. 34, R-8) kemur fram að þótt tillagan sé vel unnin séu byggingar allt of þéttar og **ekki í samræmi** við það sem fyrir er á svæðinu, þótt það hafi óeskileg áhrif á umferðarmál og hverfið sé **fullbyggt**. Ekkert hefur breyst frá því að þetta álit var gefið og eiga sömu sjónarmið við um Stekkjarberg 9. Skipulagsráð svaraði Trausta þ. 23.3.2007 (fskj. 34, R-9) og segir: „Skipulags- og byggingarráð synjar erindinu þar sem fyrirspurnin samræmist ekki gildandi deiliskipulagi og ekki eru hugmyndir um að fjölga íbúðum á lóðum.“

Þann 9.4.2009 var auglýst stofnun fólkvangs í Stekkjarhrauni Hafnarfirði (sjá skjal A-5 ásamt uppdrætti). **Lóðin Stekkjarberg 9 er landfræðilegur hluti fólkvangsins ásamt öllum íbúðarhúsalóðunum við Stekkjarberg þ.m.t. lóðum umbj.m. þótt friðlýsingin taki ekki formlega til þeirra.**

Þann 21.5.2015 birtist auglýsing í Lögbirtingablaði og Fréttablaðinu um fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Stekkjarberg 9 (fskj. 1-2). Á kynningarfundum, sem haldinn var þ. 26.5.2015, komu fram athugasemdir af hálfu íbúa sem voru ósáttir við byggingarmagnið, bæði þéttleika byggðar og hversu há hún væri (fskj. 3). Bentu þeir að þessi áform væru í andstöðu við stefnu bæjarins hingað til sem ekki hefði einu sinni leyft stakstæða bílskúrsbyggingu á lóðinni Stekkjarbergi 7. Gerðar voru athugasemdir við umferðartengingar og skóla og snjógildru sem gæti

orðið að vetri. Einnig var bent á að hraunið væri friðað og væri þegar búið að spilla því og ekki mætti ganga lengra. Bent var á að um stórhættuleg fordæmi væri að ræða ef aðrir vildu fá, á grundvelli jafnræðis, sambærilega afgreiðslu frá Hafnarfjarðarbæ. Skemmd hefði verið uppsprettulind og vatni veitt í burtu sem áður hafði verið vatnsból fyrir húsin í hraunkantinum. Á fundinum var gefin sú skýring að þarna væri verið að þétta byggð. Það er mat undirritaðs að **hvorki þá né síðar** hafi í raun komið efnisleg svör við þessum athugasemdum.

Þann 30.6.2015 mótmælti undirritaður deiliskipulagstillögunni f.h. kæranda (fskj. 4). Þar er bent á grenndarrétt umbj.m. og að ekki mætti skipuleggja þessa lóð eina og sér. Lóðin væri við friðlýst land og landfræðilegur hluti þess. Náttúruverndarsjónarmiðum hafi verið varpað fyrir róða. Því var haldið fram að einstaklingsbundnir hagsmunir væru teknir fram yfir hagsmuni heildarinnar og brotið hafi verið gegn 3. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 (skl.), eyðilegging væri þegar hafin og í stað þess að mynda heildstæða einingu væri fyrirhuguð breyting sem stingi í stúf við umhverfi sitt.

Umræddu bréfi var fylgt eftir með frekari rökstuðningi þ. 14.7.2015 (fskj. 5). Þar er aðstæðum og friðlýsingunni lýst. Vísast um þetta til bréfs undirritaðs frá **14.7.2015** og fylgiskjala þess.

Þann 6.8.2015 sendi Umhverfisstofnun bréf til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar (fskj. 6). Umhverfisstofnun **gagnrýndi** raskið sem yrði í andstöðu við friðlýsingu fólkvangsins í Stekkjarhrauni og að það myndi hafa sjónræn áhrif á fólkvangssvæðið og rýra útivistargildi þess. Jafnframt vildi Umhverfisstofnun gæta að því að friðlýsta svæðinu væri ekki raskað meðan á framkvæmdum á lóðinni stæði. Það sem Umhverfisstofnun virðist ekki hafa áttað sig á, þegar bréfið var ritað, að þegar hafði svæðinu verið raskað með því að „tappi vatni af“ svæðinu.

Þann 18.8.2015 sendir lóðareigandi að Stekkjarbergi 9 tölvupóst til skipulagsstjórans í Hafnarfirði (fskj. 7) og vitnar í samtali við kæranda og lagði þeim orð í munn sem fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar virðist hafa tekið tillit til við ákvarðanir sínar en umbj.m. vísa þessum lýsingum algjörlega á bug.

Þann 25.8.2015 svaraði Hafnarfjarðarbær einhverjum athugasemdum sem áður höfðu verið gerðar (fskj. 8). Telur undirritaður þau svör ófullnægjandi:

1. Að tillagan samræmdist grenndarreglu af því að búið væri að minnka byggingarmagn á lóðinni án þess að fjalla nokkuð um hvernig það byggingarmagn, sem eftir stæði, félli að grenndarreglum. Reyndar voru meintar breytingar **óverulegar**.
2. Bærinn taldi ekki að um nýtt deiliskipulag væri að ræða heldur breytingu. Að þessu verður vikið síðar.
3. Síðan kemur óskiljanleg setning um að bygging á lóðinni hafi takmörkuð áhrif á jarðvatn og votlendi „utan friðlýsta svæðisins“. Gagnrýnin laut að alverlegum náttúruspjöllum **innan** svæðisins.
4. Að nægilegt tillit væri tekið til náttúruverndarsjónarmiða með því að færa byggingar fjær friðlýsta svæðinu. Um er að ræða mjög óverulega tilfærslu sem engu máli skipti. Náttúruverndarsjónarmiðin lutu að svo miklu fleiru heldur en einhverjum sjónrænum þáttum sem þó voru ekki leystir með þessu.
5. Bærinn talar um að áformað nýtingarhlutfall færi úr 0,42 í 0,36 en vísar ekki að því hvort 0,36 sé forsvaranlegt.

6. Bærinn taldi að þetta væri liður í því markmiði að þetta byggð innan núverandi byggðamarka og vísar til aðalskipulags. Hann getur ekki annarra þátta í aðalskipulagi sem síðar verður vikið að eða að nauðsyn þess að þetta byggð með því að horfa til heildrænna áhrifa eins og skipulag snýst m.a. um..

Um önnur atriði í bréfinu verður vikið að sérstaklega síðar.

Þann 1.9.2015 sendi undirritaður bréf til allra bæjarfulltrúa og vísast um efni þess (fskj. 9). Tilefni bréfsins var að undirritaður taldi að kjörnir fulltrúar hefðu ekki verið nægilega upplýstir um þau mál sem þeir væru að taka ákvörðun um og taldi undirritaður nauðsynlegt að koma upplýsingunum á framfæri. Með réttu eða röngu mat undirritaður framgang Hafnarfjarðarbæjar svo að hann væri þjóna einstaklingsbundnum hagsmunum og væri af þeim ástæðum að burtskýra allar réttmætar athugasemdir eins og meðal annars er lýst að framan.

Þann 4.9.2015 svaraði undirritaður þessu og vísast til þeirra svara (fskj. 11).

Annar kæranda, Hanna Björk Ragnarsdóttir, setti sig í samband við Umhverfisstofnun sem skoðaði málið frekar. Umhverfisstofnun skoðaði aðstæður á vettvangi og gerði af því tilefni eftirfarandi athugasemdir sbr. bréf til Hafnarfjarðarbæjar þ. 15.9.2015 (fskj. 12):

1. Framkvæmdir væru þegar búnar að raska verulega vatnsbúskap fólkvangsins. Þannig hafi tjarnir og votlendi innan hans dregist saman og minnkað verulega.
2. Við áætlaðar framkvæmdir á lóðinni muni grunnvatn og þar með tjarnir og votlendi innan fólkvangsins raskast enn frekar.
3. Byggingarmagnið muni rýra náttúruverndar- og útivistargildi fólkvangsins.
4. Taka verði tillit til fólkvangsins við gerð áætlana um lóðina að Stekkjarbergi 9.

Með skjölum málsins liggur frammi tillaga að deiliskipulagsbreytingu dags. 16.9.2015 (fskj. 13). Þar er vísað til eldra deiliskipulags frá 8.11.2005. Um það er vísað til þess sem að framan er rakið.

Þann 22.9.2015 var haldinn í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðarbæjar, nr. 380 (fskj. 16). Í lið 8 er fjallað um deiliskipulag Stekkjarbergs 9. Þar kemst ráðið að þeirri niðurstöðu að ranglega hafi verið staðið að auglýsingu fyrri skipulags því skipulagið sem gildi um lóðina sé frá 2005. Af ástæðum sem síðar verða raktar telur undirritaður að það skipulag réttlæti ekki að skipulögð sé ein lóð nú.

Þann 29.09.2015 var hið nýja deiliskipulag auglýst (fskj. 18).

Þann 11.11.2015 mótmælti undirritaður fram kominni tillögu að breytingu að deiliskipulagi fyrir Stekkjarberg 9. Vísast um það til þess bréfs sem er hluti af greinargerð þessari (fskj. 20).

Þann 1.2.2016 kom fram greinargerð starfshóps, skipuðum af skipulags- og byggingarráði, um þéttingu byggðar í Hafnarfirði. Ekki er farið efnislega ofan í greinargerðina en vísast til hennar (fskj. 25). Ljóst er af samanburði þessarar greinargerðar við áformin við Stekkjarberg 9 að þetta tvennt fer **ekki** saman.

Þann 3.2.2016 var haldinn fundur í bæjarstjórn nr. 1759 (fskj. 26). Í lið 5 var fram komin deiliskipulagstillaga samþykkt en hafnað tillögu minnihlutans um að vísa málinu aftur til skipulags- og byggingarráðs í eftirfarandi tilgangi:

1. Að svæðið verði skoðað í heild m.t.t. þéttingar byggðar og tekin hliðsjón af greinargerð starfshópsins sem virðist hafa verið dags. 29.1.2015.
2. Að þétting byggðar verði í sátt við nærliggjandi opin svæði og friðlýstar náttúruminjar.
3. Að samráð verði sérstaklega í heiðri haft við hagsmunaaðila á svæðinu, aðallega lóðarhafa.

Þann 15.2.2016 óskaði annar kæranda, Hanna Björk Ragnarsdóttir, eftir tilteknum gögnum frá Hafnarfjarðarbæ og hefur bærinn ekki enn sent þau gögn sem beðið var um (fskj. 27). Undirritaður sendi samskonar erindi til bæjarins með bréfi þ. 16.2.2016 en því hefur bærinn enn ekki svarað (fskj. 28). Sama dag sendi undirritaður bréf til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir að málið yrði ekki afgreitt frá Skipulagsstofnun fyrr en undirrituðum hefði gefist kostur á að koma andmælum á framfæri (fskj. 29 ásamt síðari tölvupóstum sem eru viðfastir). Þetta var ítrekað þ. 29.2.2016 sbr. samskipti við Skipulagsstofnun. Enn var spurst fyrir um málið þ. 13.4.2016. Ekkert heyrðist hins vegar frá Skipulagsstofnun fyrr en þau voru búnir að afgreiða erindið sbr. tölvupóst þ. 27.4.2016.

Þann var ekki fyrr en 13.4.2016 sem Hafnarfjarðarbær erindi til Skipulagsstofnunar varðandi breytt deiliskipulag vegna lóðarinnar að Stekkjarbergi 9 (fskj. 30). Skipulagsstofnun svaraði bænum með bréfi þ. 27.4.2016 og gerði ekki athugasemdir við að auglýst yrði breytt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda (fskj. 31).

Auglýsing um breytingu deiliskipulags vegna Stekkjarbergs 9, nr. 405/2016, birtist í B-deild Stjórnartíðinda þ. 20.5.2016 (fskj. 33).

Um deiliskipulagsbreytinguna á árinu 2005 um Stekkjarberg 9:

Deiliskipulagsbreyting þessi var ólögsmæt af eftirgreindum ástæðum:

1. Lóðin var á ódeiliskipulögðu svæði og mátti ekki deiliskipuleggja eina lóð.
2. Á tillögunni voru ýmsir form – og efnisannmarkar og vísast um það til þess sem rakið er hér á eftir.

Eins og síðar verður vikið að hefur Hafnarfjarðarbær aldrei uppfyllt þær lagaskyldur sínar að skipuleggja lóðina m.t.t. umhverfisins í heild. Þetta er óskiljanlegt. Hlutverk þessa stjórnvalds er að horfa til heildarinnar og heildarumhverfisins en eftir viðbrögðum hans í skipulagsferlinu eru eins og menn megji ekki til þess hugsa að litið verði til heildarmyndar mannlífs og náttúru á þessu svæði, hvað þá til hagsmuna heildarinnar.

Rök

Form- og efnisgallar á hinu nýja deiliskipulagi:

1. Árið 2005 var lóðin að Stekkjarbergi 9 skipulögð þar sem ekkert skipulag var fyrir en hún var utan þess svæðis sem skipulagt var áður. Í stað þess að fara að lögum og líta til heildarinnar skipulagði Hafnarfjarðarbær eina lóð þótt það væri óheimilt. Enn lengra var gengið í lögbrotinu því tillagan var afgreidd eins og um óverulega breytingu væri að ræða þótt áhrifin á umhverfi og náttúru væru mjög mikil. Í skipulaginu var gert ráð fyrir svo stórrí aðstöðu til atvinnustarfsemi í reynd að fór gegn aðalskipulagi. Nú á að bita höfuðið af skömminni með því að skipuleggja aftur eina lóð þótt lagaskyldur um heildarskipulag hafi aldrei verið uppfylltar. Áhrifin á umhverfi, næstu lóðir, ásýnd hverfisins og umferð eru yfirþyrmandi. Allt án þess að kanna þessa þætti til hlítar. Fer reyndar fjarri því að þeir séu

kannaðir svo neinu nemi. Þvert á móti virðast áformin vera umhverfinu, náttúrunni og mannfólki til boga. Ekki er því tekin upplýst ákvörðun í samræmi við þau sjónarmið sem hafa ber í huga. Ekki er við þessar aðstæður heimilt að skipuleggja lóðina eina og sér þar sem lögbundið skipulagsferli sem tekur tillit til heildarskipulags hefur aldrei átt sér stað og breytir engu hvort um gilda eða marklausa ákvörðun var að ræða árið 2005.

Hér er lýst bæði form- og efnisannmörkun. Að skipuleggja eina lóð, gæta ekki lögmætra sjónarmiða og rannsaka ekki það sem máli skiptir þannig að lögmætra sjónarmiða megi gæta.

2. Að skipuleggja eina lóð með öllum þessum fjölda húsa og væntanlegra íbúa er í andstöðu við þá ákvörðun að stofna fólkvang árið 2009. Friðlýsing fólkvangsins lagði þær skyldur á Hafnarfjarðarbæ að gæta að náttúru hans við allar skipulagsáætlanir á svæðinu. Þessar skyldur virti bærinn að vettugi í ákvörðun sinni. Var mikið reynt að fá menn til þessa en án árangurs. Rannsóknarreglan krefst þess að svona hlutir séu skoðaðir áður en ákvörðun er tekin.
3. Að uppfylla ekki lagaskyldur um að bæta þau náttúruspjöll sem þegar var valdið eins og að tryggja að tjarnir fylltust á ný og lífríki gæti jafnað sig. Áður en ákvörðun var tekin þurfti að kanna hvernig það yrði best gert. Í stað þess á að halda áfram að „tappa“ vatninu af fólkvanginum með framkvæmdum á lóðinni. Þurrka upp tjarnir, drepa fiska og eyðileggja lífríki. Í þessu sambandi virti bærinn að vettugi athugasemdir Umhverfisstofnunar með alls ófullnægjandi röksemdarfærslu eins og síðar verður vikið að.
4. Ekki er litið til upplýsinga sem fyrir lágu og birtist m.a. í umhverfisúttekt á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar (fskj. 34, R-5).
5. Fylgt er öðrum sjónarmiðum en áður án skýringa sem sést ef deiliskipulagið er borið saman við fskj. nr. 34. Sama á við um fyrirspurn Trausta Hanssonar (fskj. 34, R-8).
6. Bréf Umhverfisstofnunar frá 6.9.2015 og 15.9.2015 lutu neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á fólkvanginn, sjónrænt, útivistargildi og votlendi. Umhverfisstofnun benti á að röskun hafi orðið á grunnvatni nú þegar sem hafi dregið saman tjarnir og votlendi á fólkvanginum og ástandið myndi versna við frekari framkvæmdir. Í stað þess að bregðast við þessu komst bærinn að þeirri niðurstöðu að vandamálin tengdust yfirborðsvatni en ekki grunnvatni eins og það geti skipt nokkru einasta máli. Staðreyndin er sú að framkvæmdir á Stekkjarbergi 9 hafa valdið umhverfisspjöllum sem vinna þarf til baka og núverandi áform munu valda meira raski á friðuðum fólkvangi. Ekki skiptir máli hvort verið sé að tappa af grunnvatni eða vatni frá yfirborði. Náttúruspjöllin eru nákvæmlega þau sömu. **Bærinn lætur þau eins og vind um eyru þjóta.**
7. Að öðru leyti vísast til þeirra gagna sem talin voru í upphafi þessa bréfs.
8. Að lokum skal tekið fram að vinnu Skipulagsstofnunar er áfátt. Eins og rakið er að framan virti hún að vettugi vilja málsaðila til að koma mikilsverðum upplýsingum á framfæri í andstöðu við rannsóknarskyldu sína og skyldu til að taka upplýsta ákvörðun og grundvelli bestu fánlegu upplýsinga.

Við gerð hins nýja skipulags er rannsóknarreglan margsinnis virt að vettugi eins og að framan er rakið. Ábendingar eru hunsaðar eða burtskýrðar en ekki kannaðar jafnvel þegar ærin ástæða er til. Athugasemdir Umhverfisstofnunar eru virtar að vettugi að ókönnuðu máli með útskýringum sem eru þvæla eins og að framan er rakið. Þverskallast er við að skoða áhrif á heildarumhverfið í nánast

öllum atriðum. Rökstuðningur er að svipuðum ástæðum með öllu ófullnægjandi. Grenndarréttur er í fjölmörgum atriðum ekki virtur. Athugasemdir sem borist hafa við skipulagið lúta flest að atriðum sem mestu varða við skipulagsvinnu. Þær eru virtar að vettugi með efnislitlum svörum og brýn atriði ekki könnuð.

Brot á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013:

Þar sem náttúruvernd kemur svo víða við í málinu var ákveðið að hafa sérstakan kafla um þennan þátt málsins. Telur undirritaður bæjaryfirvöld hafa virt lög um náttúruvernd að vettugi við skipulagsvinnuna og verður það nú rakið nánar.

1. Skv. 1. gr. laganna ber að stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa. Til að framfylgja þessu ákvæði þarf að endurheimta votlendið og tjarnirnar sem laskast hafa við framkvæmdir sem þegar hafa átt sér stað á lóðinni.
2. Skv. 1. gr. laganna á stuðla að því að land fyllist ekki og auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins. Umhverfisstofnun hefur varað við framkvæmdunum á grundvelli nýja deiliskipulagsins og komist að þeirri niðurstöðu að einmitt þessir þættir spillist. Engin tilraun er gerð til að kanna málið frekar eða samræma nýtingu lóðarinnar að Stekkjarbergi 9 við 1. gr. laganna.
3. Brotið er gegn hinni almennu aðgæsluskyldu náttúruverndarlaga en gera á allt sem með sanngirni má ætlast til að gert verði til að koma í veg fyrir náttúruspjöll. Hafnarfjarðarbær hyggst með þessu deiliskipulagi auka á þau náttúruspjöll sem þegar hafa verið framin, þvert á tilganginn með fólkvanginum.
4. Í 7. gr. laganna eru lögfest meginsjónarmið við gerð skipulagsáætlana. Að fara gegn þeim sjónarmiðum er ólöglegt. Slík ólöglegt sjónarmið eru við gerð deiliskipulags og má nefna eftirfarandi:
 - a. Enginn vísindalegur grundvöllur liggur að baki ákvörðunum Hafnarfjarðarbæjar m.t.t. náttúrunnar. Þannig virða þeir álit Umhverfisstofnunar að vettugi og hafna niðurstöðum stofnunarinnar um grunnvatn og tala um yfirborðsvatn. Enda skiptir ekki máli hvort er heldur að náttúran hefur spillst vegna framkvæmda sem átt hafa sér stað á lóðinni.
 - b. Varúðarreglan. Hafnarfjarðarbær hefur ítrekað brotið regluna um að náttúran eigi að njóta vafans, sbr. 9. gr.
 - c. Umhverfisstofnun hefur bent á hvernig álagið á fólkvanginn eykst við framkvæmdirnar og gæði hans minnka. Í stað þess að leggja sjálfstætt mat á þetta atriði virðir sveitarfélagið álit Umhverfisstofnunar að vettugi (sjá 10. gr.).
5. Það væri í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að sveitarstjórn hefði náttúruverndarnefnd með í ráðum en hún gengur fram hjá henni í málinu (sjá 14. gr.).

Virðingarfyllst,

Einar Gautur Steingrímsson hrl.

Hjálagt:

1. Till kynning Hafnarfjarðarbæjar um auglýsingu, dags. 18.5.2015.
2. Auglýsing um skipulag sem birtist í Lögbirtingablaði og Fréttablaðinu þ. 21.5.2015.
3. Minnispunktar um kynningarfund vegna breytinga á deiliskipulagi þ. 26.5.2015.
4. Bréf undirritaðs lögmanns til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 30.6.2015.
5. Bréf undirritaðs lögmanns til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 14.7.2015, ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
6. Bréf Umhverfisstofnunar til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 6.8.2015.
7. Tölvupóstur lóðarhafa Stekkjarbergs 9 til byggingarfulltrúa, dags. 18.8.2015.
8. Svör Hafnarfjarðarbæjar við athugasemdum vegna breytingar á deiliskipulagi, dags. 25.8.2015.
9. Bréf undirritaðs lögmanns til bæjarfulltrúa Hafnarfjarðar, dags. 1.9.2015.
10. Frétt Fjarðarpóstsins þ. 3.9.2015, „Hart deilt á deiliskipulagstillögu“ og leiðari sama dag.
11. Bréf undirritaðs lögmanns til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 4.9.2015.
12. Bréf Umhverfisstofnunar til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 15.9.2015.
13. Tillaga að deiliskipulagi, Miðhverfi Setbergi, Hafnarfirði, dags. 16.9.2015.
14. Frétt Fjarðarpóstsins þ. 17.9.2015, „Ekki góð framkvæmd“, og leiðari sama dag.
15. Frétt Fréttablaðsins þ. 21.9.2015, „Hundruð mótmæla skipulagstillögu Hafnarfjarðarbæjar“
16. Fundargerð skipulags- og byggingarráðs nr. 380 þ. 22.9.2015, sjá lið 8.
17. Frétt Fjarðarpóstsins þ. 24.9.2015, „Hunsa álit Umhverfisstofnunar“
18. Auglýsingar í Lögbirtingablaði og Fréttablaðinu þ. 29.9.2015 um breytingar á deiliskipulagi.
19. Auglýsing á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar þ. 30.9.2015 um breytingar á deiliskipulagi.
20. Bréf undirritaðs lögmanns til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 11.11.2015, ásamt fylgiskjölum.
21. Fundargerð skipulags- og byggingarráðs nr. 384 þ. 17.11.2015, sjá lið 10.
22. Fundargerð skipulags- og byggingarráðs nr. 588 þ. 12.1.2016, sjá lið 5.
23. Minnispunktar Þormóðs Sveinssonar hjá Hafnarfjarðarbæ frá 12.1.2016.
24. Fundargerð skipulags- og byggingarráðs nr. 589, þ. 26.1.2016, sjá lið 5.
25. Greinargerð starfshóps um þéttingu byggðar í Hafnarfirði, dags. 1.2.2016.
26. Fundargerð bæjarstjórnar nr. 1759 þ. 3.2.2016, sjá lið 5.
27. Tölvupóstur Hönnu Bjarkar Ragnarsdóttur til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 15.2.2016.
28. Bréf undirritaðs lögmanns til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 16.2.2016.
29. Bréf undirritaðs lögmanns til Skipulagsstofnunar, dags. 16.2.2016, ásamt tölvupóstsamskiptum 29.2.2016, 13.4.2016 og 27.4.2016.
30. Bréf Hafnarfjarðarbæjar til Skipulagsstofnunar, dags. 13.4.2016, ásamt fylgigögnum.
31. Bréf Skipulagsstofnunar til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 27.4.2016.
32. Bréf Hafnarfjarðarbæjar til undirritaðs lögmanns, dags. 11.5.2016.
33. Auglýsing nr. 405/2016 frá 20.5.2016 um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.
34. Atvikaskráning og athugasemdir Hönnu Bjarkar Ragnarsdóttur, ásamt fylgiskjölum.